



Húnavatnshreppur



Fundur með Fjárlaganefnd Alþingis.

Miðvikudaginn 27. apríl 2017.

Efnisyfirlit:

- Helstu málefni frá sveitarstjórn..... bls. 3
- Samgöngumál..... bls. 4 og 5
- Atvinnumál..... bls. 6 og 7
- Ferðapjónusta..... bls. 8 og 9
- Skattlagning orkumannvirkja..... bls. 10
- Nýting orku í héraði..... bls. 11
- Raforkukostnaður í dreifbýli..... bls. 12
- Dreifnám..... bls. 13
- Aðkoma ríkisins að refa- og minkaveiðum.....bls. 14
- Sauðfjárvarnargirðingar.....bls. 15
- Ýmislegt..... bls. 16

Helstu málefni sem sveitarstjórn Húnavatnshrepps vill koma á framfæri við Fjárlaganefnd Alþingis eru:

- Stórauka þarf framlag til viðhalds vega og flýta því sem kostur er að á þá verði lagt bundið slitlag.
- að standa vörð um uppbyggingu á landbúnaði, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfssemi.
- að beita sér fyrir fjölgun opinberra starfa og nýjum atvinnutækifærum á svæðinu.
- að beita sér fyrir því að undanþágur orkufyrirtækja til greiðslu fasteignagjalda verði afnumdar.
- að tryggja að orka frá Blönduvirkjun verði nýtt á svæðinu og að íbúum verði tryggður aðgangur að þriggja fasa rafmagni.
- að tryggja að jöfnuður á flutningi og dreifingu á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis verði sem jafnastur.
- að tryggja fjármagn til Þingeyraklaustursstofu.
- að tryggja fjármagn sem þarf til að halda áfram með verkefnið, Dreifnám á Blönduósi.
- að tryggja aukið fjármagn til að taka þátt í kostnaði við refaveiðar.
- Að tryggja aukið fjármagn til viðhalds sauðfjárvarnargirðinga.

Samgöngumál í Húnavatnshreppi.

- *Vegakerfi Húnavatnshrepps, utan þjóðvegur 1, er upp byggt af malarvegum. Smá kaflar eru þó með varanlegu slitlagi Þeir eru: Sjö (7) kílómetra kaflar í austanverðum Vatnsdal frá þjóðvegi 1 langleiðina að bænum Hvammi, sjö (7) kílómetra kaflar í Svínadal, á Reykjabrautinni frá þjóðvegi 1. að Húnavöllum og sjö (7) kílómetra kaflar á Svínvetningabraut að bænum Köldukinn frá Blönduósi*
Alls eru því 21 kílómetrar bundinn slitlagi af þeim vegum innan sveitarfélagsins sem ekki er þjóðvegur eitt (1).

- *Rétt að geta þess að þeir vegir sem eru malarvegir innan sveitarfélagsins eru alls um 150 kílómetrar, svo má leggja við þá tölu Kjalveg að Fjórðungsöldu um 96 kílómetra.*
En þeir vegir sem eru malarvegir innan sveitarfélagsins eru eftirfarandi:

- *Vatnsdalsvegur að vestanverðu og að hluta að austanverðu, tengivegur (722) um 40 kílómetrar.*
- *Þingeyrarvegur, héraðsvegur (721) um 6 kílómetrar*
- *Svínvetningabraut, tengivegur um 20 kílómetrar.*
- *Reykjabraut, (frá Húnavöllum að Tindum), tengivegur (724) um 5 kílómetrar.*
- *Auðkúluvegur vestanverðu við Svínavatn, tengivegur (726) um 16 kílómetrar.*
- *Svínadalsvegur frá Auðkúluvegi hjá Grund að Hrafnabjörgum, héraðsvegur (727) um 9 kílómetrar.*
- *Blöndudalsvegur frá Svínvetningabraut, vestan Blöndu að Eldjárnsstöðum, stofnvegur (35) og að hluta héraðsvegur um 12 kílómetrar.*
- *Blöndudalsvegur austan Blöndu, frá Svínvetningabraut að Bollastöðum, héraðsvegur (733) um 10 kílómetrar.*
- *Svartárdalsvegur frá hringvegi eitt (1) að Fossum, tengivegur (734) um 26 kílómetrar.*
- *Kjalvegur, að Fjórðungsöldu, stofnvegur (35) um 96 km.*

Ljóst er af þessari upptalningu að nánast allir vegir í Húnavatnshreppi, utan þjóðvegur eitt (1) eru malarvegir.

- *Greiðar samgöngur sem byggja á góðu vegakerfi eru nauðsynlegar forsendur fyrir uppbyggingu atvinnulífs og viðunandi afkomu heimila og fyrirtækja. Flestir tengi- og héraðsvegir í Húnavatnssýslu uppfylla engan veginn þær kröfur og fer ástand þeirra versnandi ár frá ári vegna ónógs viðhalds. Óhætt er að fullyrða að oft á tíðum eru vegirnir hættulegir vegfarendum og ættu að merkjast sem slíkir.*
- *Vetrarþjónusta, það er að segja snjómokstur og hálkuvarnir, hafa verið í lágmarki á áður nefndum vegum. Margir íbúar þurfa að verða sér út um bjargir, sækja vinnu og nám um langan veg. Börnum er ekið daglega til og frá skóla í sveitarfélaginu.*
- *Umferð erlendra ferðamanna hefur vaxið ár frá ári og uppbygging á þjónustu við ferðamenn er nauðsynleg viðbót við atvinnulíf í héraðinu. Sú staðreynd eykur þá knýjandi þörf að fjármagni sé veitt til viðhalds og uppbyggingu vega.*
- *Mikilvægt er að bæta viðhald og endurbætur á Kjalvegi. Um Kjalveg aka tugþúsundir ferðamanna á hverju sumri. Varhugavert er að auka ferðamennsku á þessum stöðum ef stofnvegir að þeim eru mjög slæmir, hættulegir og nánast ófærir til aksturs, vönnum sem óvönnum bifreiðastjórum.*

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps gerir þá kröfu til stjórnvalda og þingmanna í Fjárlaganefnd Alþingis að brugðist verði við og auknu fjármagni verði veitt til viðhalds vega innan Húnavatnshrepps og á næstu árum verði stóraukin áhersla lögð á að leggja bundið slitlag á þá.

Ástand Kjalvegar er mjög slæmt og nauðsynlegt er að setja verulegt fjármagn í viðhald og uppbyggingu vegarins.

Sveitarstjórn leggur mikla áherslu á að lagt verði bundið slitlag á Þingeyrarveg (721), en um hann er mikil umferð að sumri til, enda afar fjölsóttur sögu- og ferðamannastaður á Þingeyrum og leggur þunga áherslu á að staðið verði við þau fyrirheit sem gefin hafa verið um uppbyggingu Svínvetningabrautar.

Atvinnumál

Í Húnavatnshreppi hefur hallað undan fæti í atvinnu- og búsetuþróun undanfarin ár. Sveitarfélagið býr við viðvarandi fólksfækkun og samdrátt í atvinnulífi en landbúnaður er grunn atvinnuvegur í Húnavatnshreppi.

- *Það er því lykilatriði að afkoma þeirra sem stunda landbúnað sé góð svo að uppbygging dreifbýlis verði og nýliðun eigi sér stað. Stjórnvaldsaðgerðir hafa margvísleg áhrif á afkomu þeirra sem stunda landbúnað og möguleika þeirra til framþróunnar.*
- *Átaks er þörf til að auðvelda nýliðun í bændastétt. Í dag er varla mögulegt fyrir ungt fólk að hefja búskap nema þeirra sem geta gengið inni bú foreldra sinna. Aðgangur að lánsfjármagni hefur verið takmarkað undanfarin ár. Þá eru vextir háir. Takmarkaður aðgangur að fjármagni hamlar uppbyggingu og endurnýjun.*
- *Til aukinnar tekjuöflunar má til dæmis nefna heimavinnslu á afurðum, nýtingu á auðlindum og fjarvinnu frá heimili. Aðstoð, ráðleggingar og fjármögnun eru lykilatriði til þess að þeir möguleikar sem víða eru fyrir hendi séu nýttir.*
- *Ferðaþjónusta er vaxtarbroddur í Húnavatnshreppi sem og víðast annarsstaðar. Samgöngumál, fjarskiptamál og rafmagnskostnaður eru mjög mikilvægir þættir hjá ferðaþjónustaðilum. Uppbygging á Kjalvegi er mikið hagsmunamál fyrir ferðaþjónustuaðila á svæðinu. Húnavatnshreppur og eigendur Sveinsstaða í Þingi eru að vinna deiliskipulag þar sem meðal annars er gert ráð fyrir þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn við Ólafslund. Mikill fjöldi ferðamanna sækir Þingeyrar og Klausturstofu heim. Jafnframt hafa Þrístapar, Vatnsdalshólar og Vatnsdalur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn.*
- *Innan Húnavatnshrepps eins og víða annars staðar er húsnæði sem lítt eða ekkert er nýtt. Þau hús má nýta fyrir smærri fyrirtæki. Styrkir til nýsköpunnar og aðgangur að sérfræðiþjónustu geta skipt sköpum í þessu sambandi.*
- *Nú er fyrirhuguð stækkun Blönduvirkjunar um 30 mw. Það er orðið tímabært að þessi auðlind skili sér til héraðsins í formi atvinnuuppbyggingar. Engin atvinnuuppbygging hefur orðið í Austur Húnavatnssýslu í tengslum við Blönduvirkjun sem framleitt hefur rafmagn síðan 1990.*

- *Húnavatnshreppur lýsir yfir áncægju með vinnu Verkefnisstjórnar A-Hún og skýrslu hennar um atvinnuuppbyggingu í Austur-Húnavatnssýslu. Húnavatnshreppur hvetur til að unnið verði að atvinnuuppbyggingu á svæðinu á grundvelli skýrslunnar.*

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps skorar á þingmenn í Fjárlaganefnd Alþingis að standa vörð um uppbyggingu á landbúnaði, ferðaþjónustu og annarrar atvinnustarfssemi í héraðinu.

Ferðaþjónusta:

Ferðaþjónusta er vaxtarbroddur í Húnavatnshreppi sem og víðast annarsstaðar. Samgöngumál, fjarskiptamál og rafmagnskostnaður eru mjög mikilvægir þættir hjá ferðaþjónustaðilum. Viða um sveitarfélagið er ekkert farsímasamband sem veldur því að truflun verður í uppbyggingu á ferðamannþjónustu.

Hvaða staðir eru vinsælir hjá ferðamönnum innan sveitarfélagsins?

Má þar nefna:

- Hveravelli en þangað komu yfir 60.000 ferðamenn í sumar þrátt fyrir ástand kjalvegjar. Uppbygging á Kjalvegi er því mikið hagsmunamál fyrir ferðaþjónustuaðila innan Húnavatnshrepps.
 - Sveitarstjórn óskar eftir því við fjárlaganefnd Alþingis að aukið fjármagn verði sett í uppbyggingu á Kjalvegi til að dreifa ferðamönnum meira um Ísland og að fjárlaganefnd tryggi að Umhverfisstofnun fái fjármagn til að standa undir þeim framkvæmdum sem eru nauðsynlegar frá þeim á Hveravöllum.
- Þrístapa og Ólafslund, Húnavatnshreppur og eigendur Sveinsstaða hafa verið að vinna deiliskipulag af Þrístöpum og nágrenni. Í deiliskipulaginu er meðal annars er gert ráð fyrir þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn við Ólafslund. En reikna má með að fjölgun ferðamanna verði á þessu svæði þegar kvikmynd eftir bókinni Náðarstund sem fjallar um síðustu aftöku á Íslandi sem fór fram á Þrístöpum, verður fullgerð.
 - Sveitarstjórn óskar eftir því við fjárlaganefnd Alþingis að Framkvæmdasjóði ferðamannastaða verði áfram tryggt fjármagn til uppbyggingar og jafnframt að kerfi hans verði einfaldað.
- Vatnsdal, mikill fjöldi ferðamanna sækir á söguslóðir Vatnsdælu á hverju ári og jafnframt Kattarauga og fleiri áhugaverða staði í Vatnsdal.
 - Sveitarstjórn óskar eftir því við fjárlaganefnd Alþingis að hún tryggi Minjastofnun og Umhverfisstofnun fjármagn til að þær stofnanir geti haldið áfram að merkja og laga þær forn- og umhverfisminjar sem finnast á söguslóðum Vatnsdælu.
- Þingeyrar og Klausturstofu Ein merkasta kirkja landsins stendur á Þingeyrum í Austur Húnavatnssýslu. Kirkjan var vígð árið 1877 og er grjóthlaðin og tekur um eitt hundrað manns í sæti. Margir góðir gripir prýða kirkjuna og er elstur

Þeirra altaristaflan sem er frá því á 15. öld og predikunarstóll og skírnarfontur frá því um aldamótin 1700. Þingeyrar var höfðingjasetur um aldir og er nefnt í fornsögum sem dómstaður Húnaþings og þar er að finna leifar af hlöðnum hring sem er friðlýstur sem dómhringur. Munkaklaustur var stofnað á Þingeyrum árið 1133 og stóð það fram til 1550. Klaustrið er þekktast fyrir þau mörgu handrit sem þar voru rituð. Stjórn Þingeyrakirkju hefur reynt að hafa kirkjuna á Klausturstofu á Þingeyrum opna yfir sumarið. En vegna fjárskorts hefur verulega dregið úr opnunartímum en við kirkjuna er þjónustuhús þar sem hægt hefur verið skoða sýningar er tengjast kirkjunni og staðnum. Að þingeyrum koma um 18.000 ferðamenn ár hvert.

- Sveitarstjórn óskar eftir því við fjárlaganefnd Alþingis að Þingeyrarklausturstofa fá 3.500.000 krónur á ári til að geta haldið úti sinni starfsemi og menningarsögu landsins alls á þessum einstaka stað. Jafnframt verði Minjastofnun tryggt fjármagn til að hefja fyrir alvöru uppgröft á fornminjum á þessum sögufræga stað.
- *Aðrir staðir. Innan Húnavatnshrepps eru fjölmargir staðir sem hafa verið nýttir undir ferðaþjónustu á mörgum stigum hennar. Má þar nefna hestaferðir um hálendi sveitarfélagsins, gönguferðir bæði langar og stuttar og skoðunarferðir á sögustaði innan sveitarfélagsins.*

Sveitarstjórn óskar eftir því við fjárlaganefnd Alþingis skoði þann möguleika að Ferðamálastofu verði tryggt fjármagn til að aðstoða sveitarfélög eða landssvæði til að halda úti upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn stóran hluta af árinu eða því öllu.

Skattlagning orkumannvirkja.

Íslensk orkufyrirtæki greiða margvíslega skatta og gjöld sem renna nær eingöngu í ríkissjóð en beinar skatttekjur sveitarfélaga af orkufyrirtækjum eru einungis í formi fasteignaskatts.

- *Undanþáguákvæði laga um skráningu og mat fasteigna valda því að ekki er lagður fasteignaskattur á ýmsar fasteignir orkufyrirtækja. Á þetta meðal annars við um stöðvarhús, stíflumannvirki og fasteignum þeim tengdum.*
- *Við markaðsvæðingu orkugeirans var þess ekki gætt af stjórnvöldum að afnema undanþágur sem snúa að skattheimtu sveitarfélaga. Eðlilegt er að orkufyrirtæki greiði fasteignaskatt af öllum sínum fasteignum eins og önnur fyrirtæki á frjálsum markaði. Þar er um að ræða stíflumannvirki, lagnir, borholur, vatns- og jarðhitaréttindi og vindmyllur.*
- *Það er ekki í samræmi við orkustefnu fyrir Ísland, né stefnumörkun í auðlindmálum, þar sem fjallað er um umfang auðlindaarðs, að orkufyrirtæki landsins njóti skattaundanþága eða ívilnanna á kostnað sveitarfélaga.*
- *Til þess að góð sátt náist um nýtingu og verndun orkuauðlinda þarf að tryggja með einhverjum hætti hagsmuni þeirra sem málinu tengjast. Hagsmunir ríkis og sveitarfélaga fara saman hvað varðar, gagnsæjar og réttlátar reglur gildi um meðferð orkuauðlinda, sem miði að því að hámarka samfélagslegan arð af auðlindum landsins.*

Nauðsynlegt er að gerðar verði lagabreytingar til að afnema gildandi undanþágur orkufyrirtækja frá greiðslu fasteignagjalda. Samband íslenskra Sveitarfélaga ásamt Samtökum orkusveitarfélaga hafa tekið þessi mál upp við stjórnvöld.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps leggur mikla áherslu á að þingmenn í Fjárlaganefnd Alþingis, beiti sér fyrir því að undanþágur orkufyrirtækja til greiðslu fasteignagjalda verði afnumdar.

Nýting orku í héraði.

- *Mikil fólksfækkun hefur orðið í sveitarfélögunum í Húnavatnssýslum undanfarna áratugi. Til að snúa þessari þróun við er afar mikilvægt að unnt sé að nýta alla þá kosti sem svæðið hefur uppá að bjóða til aukinnar atvinnusköpunar. Þetta á ekki hvað síst við um það að nýta þá orku sem framleidd er á svæðinu til atvinnuuppbyggingar.*

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps telur nauðsynlegt að orka Blönduvirkjunar og Blönduveitu nýtist til uppbyggingar á atvinnustarfsemi í héraðinu og skorar á þingmenn í Fjárlaganefnd Alþingis, í samstarfi við heimamenn, að beita sér að fullum þunga fyrir því að svo geti orðið.

Raforkukostnaður í dreifbýli.

- *Nokkuð góð sátt hefur verið um það undanfarin ár að jafna eigi húshitunarkostnað milli landssvæða. Þrátt fyrir það hefur bilið milli rafhitunar og jarðvarma aukist stöðugt. Ástæðan er meðal annars sú að verðmunur á jarðvarma og rafhitun hefur aukist án þess að upphæð niðurgreiðslna hafi fylgt þeirri þróun.*
- *Framlög til jöfnunar á raforku- og húshitunarkostnaði er mikið hagsmunamál fyrir íbúa Húnavatnshrepps. Þá veldur sú biðstaða sem er á lagningu þriggjafasa rafmagns, kostnaðarauka og óþæginum fyrir þá sem á því þurfa að halda vegna búreksturs síns.*

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps skorar á þingmenn í Fjárlaganefnd Alþingis að tryggja að jöfnuður á flutningi og dreifingu á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis verði sem jafnastur og að þriggja fasa rafmagn verði lagt um sveitarfélagið.

Dreifnám í Austur-Húnavatnssýslu.

- *Blönduósbaer, Húnavatnshreppur, Sveitarfélagið Skagaströnd og Skagabyggð í Austur-Húnavatnssýslu hafa frá og með haustinu 2013 boðið upp á dreifnám á Blönduósi í samstarfi við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Markmið með dreifnámi er að gera nemendum kleift að stunda nám í heimabyggð, allt að tveimur árum eftir að grunnskóla lýkur. Í því felst stöðugleiki, aukin lífsgæði og jafn aðgangur að námi.*
- *Um er að ræða mikið hagsmunamál fyrir fjölskyldur í Austur Húnavatnssýslu. Mjög einstaklingsbundið er hversu vel unglingar eru tilbúnir að flytja að heiman og mörg dæmi eru um nemendur sem flosna upp úr námi sökum öryggis- og stuðningsleysis. Það hefur augljóslega aukinn kostnað í för með sér fyrir forráðamenn að þurfa að standa straum af kostnaði við dvöl á heimavist og í sumum tilfellum að halda úti tveimur heimilum á meðan á námi stendur. Einnig eru dæmi um að fjölskyldur hafa tekið sig upp og flutt á brott til þess að fylgja ólögráða einstaklingi eftir á nýjan skólastað. Ekki má heldur gleyma að ungmenni á aldrinum 16-18 ára eru ákaflega mikilvæg þeim samfélögum sem þau tilheyra. Því er mikilvægt að þau fái tækifæri til þess að dvelja á heimilum sínum eins lengi og kostur er og vera virkir þátttakendur í menningar- félags- og íþróttalífi sinna samfélaga.*
- *Annar markhópur dreifnáms eru fullorðnir eintaklingar, eða ungmenni sem flosnað hafa úr námi, sem gætu nýtt sér þennan möguleika til þess að hefja nám eða halda áfram námi sem annars hefði ekki orðið.*

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps skorar á þingmenn í Fjárlaganefnd Alþingis að tryggja það fjármagn sem þarf til að halda áfram með verkefnið, dreifnám á Blönduósi.

Aðkoma ríkisins að refa- og minkaveiðum:

Húnavatnshreppur er landmikið sveitarfélag eða um 3822 km² þar sem sauðffjár búskapur er aðal atvinnugrein íbúanna. Refa- og minkastofninn virðist vera í mikilli sókn. Aðstæður í lífríkinu eru stofninum hagstæðar og ekki bætir úr að refurinn er beinlínis friðaður á ákveðnum svæðum og lítil sem engin veiði stunduð á öðrum svæðum. Nauðsynlegt er að halda stofnunum niðri með auknum veiðum, bæði til að vernda viðkvæmt fuglalíf og búfénað. Ríkisvaldið hefur dregið sig út úr kostnaði við veiðarnar og velt honum að stórum hluta yfir á sveitarfélögin undanfarin ár.

Frá 1 september 2015 til 31. ágúst 2016 hefur Húnavatnshreppur greitt 4.667.492 krónur vegna veiða á ref og mink, um 11.600 krónur á hvern íbúa sveitarfélagsins.

Reikna má með að Umhverfisstofnun greiði sveitarfélaginu rétt um 1.800.000 króna endurgreiðslu á árinu 2017

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps telur æskilegt að endurgreiðsla Umhverfisstofnunar vegna refaveiða verði nærri 50% af kostnaði sveitarfélaganna við veiðarnar. Jafnframt er þess óskað að fjárlaganefnd Alþingis tryggi Umhverfisstofnun fjármuni til að standa við núverandi samninga við sveitarfélögin.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps leggur áherslu á að stjórnvöld taki áfram þátt í kostnaði sveitarfélaga við eyðingu minka.

Jafnframt leggur sveitarstjórn Húnavatnshrepps mikla áherslu á að þingmenn í Fjárlaganefnd Alþingis, beiti sér fyrir því að ríkið taki aukinn þátt í kostnaði við refaveiðar enda um mikið hagsmunamál að ræða.

Sauðfjárveikivarnargirðingar:

Ástand sauðfjárveikivarnargirðinga er víða slæmt. Er það mat sveitarstjórnar Húnavatnshrepps að verulega vanti upp á að viðhaldi sauðfjárveikivarnargirðinga sé sinnt sem skyldi í samræmi við 12. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993 og annarra laga og reglugerða sem við eiga.

Eftir því sem næst verður komist hamlar fjárskortur því að hægt sé að grípa til þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru svo bæta megi úr. Víða eru sauðfjárveikivarnargirðingar varla fjárheldar og nauðsynlegt að verja fé til úrbóta á Kjalarlínu og varnargirðingu við Langjökul (milli Húnavetninga og Borgfirðinga).

Lélegar girðingar þýða að fé fer á milli hólfa sem getur valdið bændum miklu tjóni og óþægindum. Farga þarf fé og greiða út bætur.

Að auki er verið að taka verulega áhættu með því að ráðast eingöngu í neyðarviðgerðir, tjasla saman lélegum girðingum og leyfa öðrum að drabbast niður. Hætta á nýjum sýkingum er auðvitað alltaf fyrir hendi og gerist það og fari sýkt fé á milli hólfa, er ljóst að tjónið getur orðið gríðarlegt.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps óskar eftir því við Fjárlaganefnd að gerð verði bragabót á og fjármagn verði tryggt svo viðhalda megi sauðfjárveikivarnargirðingum á Íslandi með sóma.

Ýmislegt.

- *Traust og fjölbreytt atvinnulíf í þéttbýli og dreifbýli er grunnurinn að því að stöðva megi viðvarandi fólksfækkun á Norðurlandi vestra. Ungt vel menntað fólk þarf að eiga þess kost að fá störf við sitt hæfi í heimahéraði. Gera verður þá kröfu til ríkisvaldsins að störfum á vegum ríkisins verði fjölgað á svæðinu, þá er löngu orðið tímabært að í Austur Húnavatnsýslu verði byggð upp starfsemi sem nýtir orku Blönduvirkjunnar.*
- *Tryggt verði að unnið verði eftir þeirri viljayfirlýsingu sem samþykkt var á Alþingi 17. október 2013 er varðar atvinnuuppbygginu í Austur Húnavatnssýslu.*
- *Gera þarf sveitarfélögum kleift að veita íbúum sínum góða þjónustu, svo sem í skólamálum, sorphirðu, félagslegri þjónustu ofl. Tekjustofnar sveitarfélaga þurfa að taka mið af því.*

